

Hvað ber að hafa í huga við ávöxtun fjármuna styrktarsjóða?

- ✓ Hvað eiga styrktarsjóðir sameiginlegt
- ✓ Helstu áskoranir styrktarsjóða
- ✓ Hvað er mikilvægt að hafa í huga
- ✓ Leiðir að ávöxtun
- ✓ Samantekt

Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir

Viðskiptastjóri Eignastýringar hjá Landsbankanum

Hvað eiga styrktarsjóðir sameiginlegt?

Um 700 skráðir sjóðir á Íslandi

- Hver og einn sjóður hefur eigin skipulagsskrá – sbr. lög nr. 19/1988
- Kveðið er á um fjölda í stjórn, stundum er stjórnarseta tengd embættum og því verður breyting á stjórn ef skipt er út viðkomandi aðila í embættinu
 - T.d. útibústjóri sem situr í stjórn minningarsjóðs
- Skipulagsskráin er skrifuð út frá vilja gefanda
 - Stofnaðir til að halda minningu um látinn ástvin eða ættingja á lofti
 - Styðja við ákveðin verkefni – vísindastörf eða fræðslu
- Algengt að í lögum sjóðanna sé kveðið á um að úthlutun megi ekki skerða höfuðstól

Elsti sjóðurinn sem er virkur á sjóðaskránni:

Reynislegat 1662

Reynislegat var stofnaður árið 1662 af Brynjólfi Sveinssyni biskup, sem gaf jörðina Reyni í Garðasókn.

Markmiðið með sjóðnum var „til skiljandi að ein ærleg og guðhrædd sorgbitin ekkja, sem á þrjú skilgetin börn eða þaðan af fleiri í ómegð, hafi afgjald og aftektir af þessari jörðu og kúgildum, sú sem þess er þurfandi og góðan vitnisburð hefir um guðhræðslu sína og gott dagfar“.

Úthlutun var bundin við byggð. Í fyrstu kæmi til greina ekkja úr Akraneshreppi, því næst úr Skilmannahreppi, þar næst Strandarhreppi og að lokum Skorradalshreppi ef engin ekkja sem uppfyllti skilyrði fyrir úthlutun finnst í fyrri hreppunum, eins og segir í gjafabréfi hans.



Helstu áskoranir eru.....

Að ákveðinn hluti höfuðstóls er bundinn til að sjóðirnir lifi sem lengst

- Ávöxtun til langs tíma

Að í lögum sjóðanna er kveðið á um að úthlutun megi ekki skerða höfuðstól

- Ákvörðun um styrkúthlutun – oft tekin með hliðsjón af ávöxtun til skemmri tíma

Að viðhorf stjórnarmanna eru jafn fjölbreytt og þeir eru margir og ábyrgðin mikil

- Áhættuþol – þekking og reynsla á breiðu bili




Það sem skiptir máli


- Að móta fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn sem byggir á:
 - Fjárfestingartíma
 - Þekkingu og reynslu
 - Viðhorfi til sveiflna í ávöxtun
- Að móta ákveðið verklag við úthlutanir styrkja:
 - Á höfuðstóllinn að stækka eða er nægilegt að viðhalda honum?
 - Hvort eru sveiflur eða stöðugleiki í styrkúthlutunum mikilvægara?
 - Er innstreymi í sjóðinn?
 - Ef ekkert innstreymi þá er ávöxtun sú fjárhæð sem veitt er til styrkja
 - Hægt að horfa til ávöxtunar til lengri tíma en eins árs – t.d. þriggja eða fimm ára meðalraunávöxtunar
 - Geta verið sveiflur í úthlutun þegar ávöxtun sveiflast
 - Eða fasta verðbætta fjárhæð til að tryggja stöðugleika en setja ákveðin öryggismörk




Leiðir að ávöxtun




Leiðir að ávöxtun



Virk stýring – blandaðir sjóðir - Einkabréf



Ávöxtun síðastliðna 12 mánuði



Ávöxtun á ársgrundvelli


Skuldabréf 3,0%

Varfærið 6,1%

Virði 8,8%

Vöxtur 10,9%

Ávöxtun síðastliðin fimm ár



	Ávöxtun á ársgrundvelli	Uppsöfnuð ávöxtun
Varfærið	6,5%	36,9%
Virði	7,7%	45,3%
Vöxtur	8,6%	51,4%

Virk stýring eigna og utanumhald

- Fjölbreyttir eignaflokkar
- Áhættudreifing
- Fjárfestingarstefna sem hentar markmiðum
- Engin binding varðandi losun fjármagns eða við að breyta samsetningu eignasafns
- Eignabreytingar framkvæmdar innan sjóðsins
- Fjármagnstekjuskattur einungis greiddur við innlausn af hreinum hagnaði sjóðsins
- Einfalt í umsýslu og framtalsgerð
- Yfirlit og aðgengi að upplýsingum

Fjárfesting í verðbréfum er lengri tíma fjárfesting

Að leggja ekki öll eggin í sömu körfu





Lagalegur fyrirvari

Kynning þessi er útbúin af Landsbankanum hf. og er aðeins ætluð til einkanota fyrir viðtakanda sem trúnaðarmál. Óheimilt er að dreifa kynningunni, fjölfalda eða gefa út, að hluta eða í heild, í hvaða formi sem er og í hvaða tilgangi sem er, nema með skriflegu samþykki Landsbankans hf.

Landsbankinn hf. er ekki skuldbundinn til þess að uppfæra efni kynningar þessarar eða leiðrétt villur sem kunna að koma í ljós síðar. Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem kann að verða vegna notkunar á efni þessarar kynningar. Þær upplýsingar sem koma fram í kynningu þessari geta breyst án fyrirvara.

Efni þessarar kynningar er einungis til upplýsingar og felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og hefur Landsbankinn hf. því ekki metið hvort fjárfesting í tilteknum fjármálagerningi sé viðeigandi fyrir viðskiptavin. Viðskiptavinir eru ávallt hvattir til að gera sjálfstæða könnun á þeim upplýsingum sem ákvörðun þeirra um fjárfestingu byggir á og leita óháðrar ráðgjafar þar um, þ.m.t. um skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestinguna. Viðskiptavinir bera ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sínum.

Viðskipti með fjármálagerninga geta verið mjög áhættusöm og ávöxtun í fortíð gefur enga vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Viðskiptavinir eru sérstaklega hvattir til að kynna sér áhættulýsingu vegna markaðsviðskipta með fjármálagerninga sem aðgengileg er í útibúum Landsbankans og á vef bankans:

landsbankinn.is/um-bankann/stjornarhaettir/reglur/mifid/